

Selfossi, 11. maí 2010  
1004187 RT

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

*Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, þskj. 961-570. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.*

Erindið barst Sveitarfélaginu Árborg til umsagnar með bréfi (tölvupósti) nefndarsviðs Alþingis, þann 28. apríl 2010. Á 181. fundi bæjarráðs Árborgar var undirritaðri falið að svara erindinu f.h. sveitarfélagsins.

## 1. Athugasemdir við einstakar greinar

### 1.1 6. töluliður 1.mgr. 2. gr. Almenn.

Sveitarfélagið Árborg gerir ekki athugasemdir við þær skyldur sem lagðar eru á það í frumvarpinu. Hins vegar er bent á að ákvæðið mun kalla á aukna vinnu starfsmanna félagsþjónustu sem er umtalsvert fyrir vegna efnahagsástandsins auk þess sem ekki verður ráðið af frumvarpinu til hvaða tímabils rannsókninni er ætlað að ná.

1.2 6. töluliður 1.mgr. 2. gr. *Upplýsingar um húsaleigubætur (almennar og sérstakar)* Þess er óskað að kallað verði eftir upplýsingum um húsaleigubætur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en til hans sendir sveitarfélagið ársfjórðungslega upplýsingar um nöfn og kennitölur þeirra einstaklinga sem fá húsaleigubætur frá sveitarfélaginu ásamt upplýsingum um fjárhæð bóta.

Virðingarfyllst,  
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar.

Ragnheiður Thorlacius,  
framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar